

# STUÐNINGSVIÐTAL

ráðgjafa og hjúkrunarfræðinga á sérhæfðri endurhæfingargeðdeild




Þú getur beðið um stuðningsviðtal hvenær sem er.



Þú getur rætt um áhyggjur þínar og það sem hvílir á þér.



Algeng umræðuefni eru raddir, ranghugmyndir, neikvæð einkenni, samskipti við fjölskyldu, óþægilegar upplifanir, depurð, kvíði, óvelkomnar hugsanir, fíkn, erfið lífsreynsla og félagsfærni.




Stuðningsviðtalið er fyrir þig, á þínum forsendum. Þú ræður umræðuefninu og umhverfinu.



Í stuðningsviðtalinu geturðu deilt með öðrum þinni líðan og innri upplifunum.



Áhersla er lögð á að andrúmsloftið í viðtalinu sé notalegt, umhverfið þægilegt og starfsfólkið skilningsríkt.



Í viðtalinu er þér hjálpað til að skilja betur tengslin milli hegðunar, hugsana og líðanar og finna þín eigin bjargráð til að líða betur.



LANDSPÍTALI